

30. nóvember 2010
SI-68582

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum, 188. mál á 139. löggjafarþingi (fyrirkomulag eigendaábyrgða, EES-reglur).

Með tölvupósti dags. 22. nóvember 2010, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að með frumvarpinu séu lagðar til breytingar á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, og að frumvarpið sé lagt fram í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 8. júlí 2009, í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem fram hafi komið að hin ótakmarkaða eigendaábyrgð sem Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur njóta, í gegnum eigendur fyrirtækjanna, sé ekki að fullu í samræmi við ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Seðlabanki Íslands vísar í þessu sambandi almennt til umsagnar sinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, 187. mál, þar sem málin eru flutt samhliða. Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur